

## Atvinnumálanefnd 75. Fundur

17.08.2010 kl 18:00

**Mætt voru: Egill Egilsson formaður, Þorsteinn Sigurðsson, Ólafur Guðmundsson, Magnús Bæringsson, Heiðrún Höskuldsdóttirsem ritar fundargerð og Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri.**

Farið yfir hlutverk nefndarinnar.

Eftirfarandi tillögur frá bæjarráði lagðar fram.

*Tillaga 1: Bæjarráð samþykkir að fela Atvinnumálanefnd að gera úttekt á umfangi svartrar atvinnustarfsemi í Stykkishólmi og gera tillögur um hvernig unnið verði gegn slíkri starfsemi. Einnig verði nefndinni falið að kanna hvort mögulegar tengingar geti verið á milli svartrar atvinnustarfsemi og einstaka skráningum atvinnulausra í Stykkishólmi.*

Nefndin tekur vel í að reynt verði að sporna við svartri atvinnustarfsemi og leggur til að setja tengla inn á heimasíðu Stykkishólmsbæjar við t.d. Vinnumálastofnun og RSK. Einnig rætt um átakið „Allir vinna“ og að setja einnig tengil á þá síðu. Lagt til að Stykkishólmsbær auglýsi þessa tengla og tilgang þeirra á vefsíðu bæjarins.

Varðandi úttekt á svartri atv. starfsemi í Stykkishólmi, þá þarf fyrir það fyrsta að kanna hvort hægt sé að fá lista frá Vinnumálastofnun yfir atvinnulausa í Stykkishólmi, og skoða svo málið í heild sinni í framhaldi af því. Bæjarstjóra falið að kanna málið.

Umræður urðu einnig í framhaldinu um vinnustaðaskírteini þau sem verið er að taka upp, til að byrja með í byggingariðnaði og veitingarekstri, og ætlað er að koma í veg fyrir svartan atvinnurekstur.

*Tillaga 2: Bæjarráð samþykkir að fela Atvinnumálanefnd að að haf forgöngu um gerð stefnumótunar í atvinnumálum í Stykkishólmi með það að markmiði annars vegar að hleypa styrkari stoðum undir núverandi atvinnulíf og hins vegar að skilgreina markhópa atvinnugreina sem æskilegt væri að laða eða setja upp í Stykkishólmi.*

Magnús rifjaði upp með okkur að þetta mál hafi verið rætt áður á atvinnumálanefndarfundum og nefndin hafi áður bent á að stefnumótun í atvinnumálum sé best sett í höndum þeirra sem þekkingu og reynslu hafa í slíkum málum. Ólafur mælti með því að leitað væri til sérfræðings í stefnumótun. Nefndin leggur til að leitað verði eftir sérfræðingi í stefnumótun til ráðgjafar og jafnvel til að leiða það starf. Það sparar tíma og afraksturinn ætti því að vera vandaðri stefnumótun í atvinnumálum fyrir Stykkishólmi. Telur nefndin mikilvægt að vandað sé til vals á slíkum sérfræðingi og horft verði ma. til reynslu og fyrri verka aðilans.

Önnur mál:

Tillaga kom frá Magnúsi um að leggja til við Grunnskóla Stykkishólms og jafnvel Fjölbrautaskóla Snæfellinga að koma af stað verkefnum/ og eða áfanga sem hefðu það að markmiði að stuðla að hugmyndflæði og nýsköpun í atvinnumálum á svæðinu m.t.t. þeirra auðlinda sem okkar svæði hefur

upp á að bjóða. Þar mætti jafnvel hugsa sér að ungmenni gætu unnið verkefni fyrir einstök fyrirtæki eða atv.greinar. Magnús sagði frá fyrirlestri Guðjóns M. Guðjónssonar frá Hugmyndaráðuneytinu sem haldinn var í mars s.l. Ef tillagan fær brautargengi væri t.d. hægt að leita til hans með lausnir á hvernig best væri að setja verkefnið upp. Samþykkt að leggja þetta til við Stykkishólmsbæ og FSN.

Farið var yfir þau verkefni sem nefndin hefur verið að vinna að undanfarið.

Fundaherferðin „Úr vörn í sókn“ hefur heppnast vel og var ákveðið að halda því starfi áfram, nefndarmenn verða vakandi yfir áhugaverðum málaflokkum og ákveðið að fá áhugaverða fyrirlestra til kynningar fyrir bæjarbúum, sérstaklega með nýsköpun og fjölbreytileika í huga.

Ólafur spurðist fyrir um stöðuna á verkefni Önnu Melsted, lófaleiðslögn sem hefur verið í vinnslu frá því að atvinnumálanefndin lagði það til á síðasta kjörtímabili. Bæjarstjóri upplýsti fundarmenn um að Anna myndi kynna verkefnið fyrir bæjarstjórn á næstunni.

Ýmis mál voru rædd sem snúa að atvinnumálum bæjarins.

Fleira ekki gert. Fundi lauk kl. 20:05.

Heiðrún Höskuldsdóttir (sign)

Þorsteinn Sigurðsson (sign)

Magnús Bæringsson (sign)

Egill Egilsson formaður (sign)

Ólafur Guðmundsson (sign)

Gyða Steinsdóttir (sign)